# Re: Stækkun eldisstöðvar að Stað í Grindavík-umsagnarbeiðni

| | |
|---|---|
| Búið til | 1.3.2021 11:44:45 |
| Höfundur | Lovísa Ásbjörnsdóttir |
| Sent | 1.3.2021 11:44:45 |
| Tilheyrir | 202102-0019 - Stækkun eldisstöðvar að Stað í Grindavík-umsagnarbeiðni |

## Efni

Re: Stækkun eldisstöðvar að Stað í Grindavík-umsagnarbeiðni

## Upplýsingar / Vinnsla

| Upplýsingar | | Vinnsla | |
|---|---|---|---|
| Sent | 1.3.2021 11:44:45 | Staða | Imported |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is) |
| Til | Tinna.Jonsdottir@skipulag.is |

## Innihald

Tilvísun í mál nr. 202102-0019 (IAS, LÁ, KHS)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Skipulagsstofnun frá 11. Febrúar 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun vegna stækkunar eldisstöðvar að Stað í Grindavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir framangreinda tillögu að matsáætlun.

Framkvæmdasvæðið er í beinu framhaldi af þeim kvíum sem fyrir eru og er á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61 gr. laga um náttúruvernd (60/2013). Helluhraunið er nokkuð vel gróið og sjá má misgengissprungur í hrauninu samsíða framkvæmdasvæðinu, þ.e. þær liggja eins og byggingarreiturinn NA-SV.  Af loftmyndum má greina að áhrifa gætir frá sjónum innan framkvæmdasvæðisins þar sem sjá má reka á hrauninu.

Sunnan við svæðið eru sjávarstjarnir sem í gætir flóðs og fjöru og í víkinni fyrir austan er mikið fuglalíf.

Framkvæmdasvæðið er rétt utan við svæði á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar nr. 105. **Strandsvæði vestan Grindavíkur**, Grindavík. (1) Strandlengjan frá Litlubót, ásamt Gerðavallabrunnum, vestur að Stekkjarnefi. (2) Fjörur, fjölbreyttur strandgróður og fjölskrúðugt fuglalíf. Djúpar vatnsfylltar gjár,

athyglisverður hraunkantur með sjávartjörnum.
(https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/
(https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/))

Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar, umfangi, eðli og staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar og með tilliti til náttúrufars á viðkomandi svæði gerir stofnunin ekki athugasemd við matsáætlunina.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.............................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (http://www.ni.is/)

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Tinna Jónsdóttir - SLS" <Tinna.Jonsdottir@skipulag.is>
**To:** "Grindavíkurbær" <grindavik@grindavik.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "Hafrannsóknastofnun" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja" <hes@hes.is>; "Matvælastofnun" <mast@mast.is>; "Erna Karen Óskarsdóttir" <erna.oskarsdottir@mast.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "OS netfang" <os@os.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Veðurstofa Íslands" <skrifstofa@vedur.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>
**CC:**
**Subject:** Stækkun eldisstöðvar að Stað í Grindavík-umsagnarbeiðni
**Date:** 11.2.2021 12:50:19

Góðan dag,

Meðfylgjandi er tillaga að matáætlun vegna stækkunar eldisstöðvar að Stað í Grindavík. Tillaga að matsáætluninni ásamt umsagnarbeiðni hefur verið póstlögð. Umsagnafrestur er til 1. mars n.k.

Með kveðju/Kind regards,

**Tinna Jónsdóttir**
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Tinna.Jonsdottir@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

## Viðhengi

image001.png (11 KB)